



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Skipulags- og samgönguráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

***Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins - Bætt aðgengi við göngustíg sem liggur við nyrðri enda göngubrúar yfir Breiðholtsbraut (US200013).***

Á fundi skipulags- og samgönguráðs var eftirfarandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði, vísað til umsagnar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

*Tillaga Flokks fólksins um að ljúka við stíg og stígatengingu við nyrðri enda göngubrúar yfir Breiðholtsbraut þar sem eðlileg gönguleið er frá Mjódd upp Arnarbakkann. Flokkur fólksins leggur til að stígur sem liggur að göngubrú yfir Breiðholtsbraut, norðanmegin við hana þegar komið er frá Mjódd, verði gerður fær gangandi vegfarendum en til að komast upp á brúna frá þessum punkti þarf að að klífa 2-3 metra talsverðan halla. Bætt aðgengi á þessum stað mun auka notkun brúarinnar að mati borgarfulltrúa Flokks fólksins.*

Tengingar stíga við göngubrúna yfir Breiðholtsbraut eru í samræmi við samþykkt deiliskipulag. Í framhaldi af brúnni liggur stígur að stígamótum um 50 metrum austan við enda brúarinnar. Tenging er á stígamótunum við stíg sem liggur til norðurs, í átt að gönguverun yfir Arnarbakka og þaðan eftir Arnarbakkanum að Mjódd.

Meðfylgjandi eru loftmynd af svæðinu, tekin 5. ágúst 2019 og afrit af samþykktu deiliskipulagi.

Þorsteinn R. Hermannsson  
samgöngustjóri


Hjálagt:

1. Mynd úr Borgarvefsjá.

2. Samþykkt deiliskipulag fyrir opið svæði milli Seljahverfis og Efra Breiðholts, auglýst 24. mars 2017.



# Borgarvefsjá





17.08.2020

0 0,0125 0,025 0,05 km

Loftmynd tekin 5/8 2019





Hluti úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

**GREINARGERÐ**  
 Deiliskipulag þetta tekur til svæðis milli Efra Breiðholts og Seljahverfis, vestan við bensinstöð við Suðurfell 4 í Reykjavík. Um er að ræða deiliskipulag fyrir göngubrú yfir Breiðholtsbraut og göngu- og hjólastengingar.

Einkum er um að ræða opið og óbyggt svæði með stígum en einnig liggur Breiðholtsbraut um svæðið. Fyrir liggur að gera þarf gönguverun milli hverfanna sem um ræðir og hefur sú ákvörðun verið tekin að gera göngubrú yfir Breiðholtsbraut. Áætlað er að brúin sé um 78 m löng og að upp undir brúna frá núverandi Breiðholtsbraut verði a.m.k. 5,2 metri. Aðrir stígar eru sýndir á þeim stað sem þeir eru í dag.

**Lýsing á tillögnum:**  
 Tillagan felst í meginatriðum í því að gerði verði göngubrú yfir Breiðholtsbraut milli Efra Breiðholts og Seljahverfis til að bæta göngutengingu milli hverfanna. Tæpur kílómetur er á milli undirganga undir Breiðholtsbraut og mun göngubrú bæta til muna tengingu og umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á leið milli hverfanna.

Hluti af tillögnum er einnig að tengja aðra stiga saman. Megin markmið deiliskipulagsins er að bæta göngu- og hjólastengingar og raska sem minnst landslagseinkennum svæðisins en stígarir sem liggja að brúnni fara í gegnum gróðurbelti sem ber að varðveita eins og kostur er. Tekið skal fram að staðsetning stiga er ekki bindandi og er háð nánari hönnun/útfærslu.

Gönguleiðin að brúnni skal vera 3 metra breið, vera vel fær göngu- og hjólræiðafólki á öllum aldri. Halli á leiðinni skal að öllu jöfnu ekki fara yfir 50‰ (1:20) nema öðru verði ekki við komið og þá á mjög stuttu vegalengd og að til komi hildarsvæði við upphaf og endi. Gönguleiðin skal liggja allt frá Engjasetli/Seljabraut og um skógarbelti meðfram Breiðholtsbraut, yfir Breiðholtsbraut og norður fyrir bensinstöð Skeljungs við Suðurfell. Stígurinn tengist síðan núverandi stíg við Norðurfell og Æsufell. Þar sem gönguleiðin þvegar stofnstíg skal forma stigamót þannig að í boði sé leið með halla sem nemur að mestu 1:20 en flýtleiðir geta verið brattari. Gert er ráð fyrir njúum stíg austan megin og meðfram Suðurfelli sem tengist núverandi stíg við Yrsufell. Þar sem stígurinn þvegar Breiðholtsbraut skal hann liggja á göngubrú.

Gert er ráð fyrir áningarstað þar sem stigar mætast frá Æsufelli og Norðurfelli. Þar verði heimilað að koma fyrir bekkjum, upplýsingaskiltum og drykkjarpósti.

Svæðið við Seljabraut sem í dag er notað sem bílastæði fyrir stóra bíla fellur út.

**Tengsl við aðrar áættanir**  
 Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er gert ráð fyrir málslátri tengingu fyrir gangandi og hjólandi við Norðurfell, sem tengja mun Efra-Breiðholt við Seljahverfið. Vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar var gerð greining á nokkrum valkostum um útfærslu umræddrar tengingar. Niðurstaða þeirrar greiningar var að fýsilegast væri að byggja göngubrú eilítið norðan við umrædd gatnamót, vegna landslags og stígaþingna. Stefna aðalskipulags um göngubrú og undirgöng er sett fram á þéttbýlisupprætti með sérstöku tákni, sem gefur til kynna staðsetningu mislaegra samgöngumannvirkja fyrir gangandi og hjólandi umferð. Túlka verður framsetningu á þéttbýlisupprætti með þeim hætti að ekki sé um nákvæma staðsetningu að ræða, einkum þar sem táknið er sett niður á mið gatnamóti eins og í þessu tilviki, og þar með ekki tekið afstaða til þess hvort megin gatnamóta mannvirkjó ris. Sama túlkun gildir um nákvæma legu stofn- og tengistiga sem sýndir eru á þéttbýlisupprætti, þar sem segir í skýringum að staðsetning „táknis fyrir stiga á upprætti meðfram stofn- og tengibrautum og öðrum götum eru ekki ráðandi um hvoru megin götu stígur liggur.“

**Umhverfisáhrif**  
 Deiliskipulag þetta fellur ekki undir lög um umhverfismat áætana (105/2006). Aftur á móti er gerð grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. grein skipulagslaga (123/2010).

Ekki er talið að uppbygging skv. deiliskipulagi hafi neikvæð umhverfisáhrif. Fyrirhuguð göngubrú mun hafa jákvæð áhrif á öryggi gangandi og hjólandi vegfarendur og bætta stígaþingningar og áningarstaður mun hafa jákvæð áhrif fyrir íbúa í hverfinu.

**Afgreiðsla eftir auglýsingu**  
 Gerðar voru breytingar á upprætti eftir auglýsingu dags. 30. janúar 2017. Lega stígs frá Norðurfelli að Breiðholtsbraut. Mark deiliskipulags voru breytt. Felldur var út eftirfarandi texti úr greinargerð;

*„göngulós yfir Breiðholtsbraut frá Norðurfelli verða lögð niður og tilheyrandi stigar að þeim“.*

**SKÝRINGAR**

**STÍGAGERÐ**

- GÖNGUBRÚ
- STÍGUR - ÁÆTLAD NÝ LEGA
- STÍGUR - NÚVERANDI LEGA

**UMHVERFI**

- SKIPULAGSSVÆÐI
- KVÖÐ Á FRÁGANGI  
Planta skal trjám og runnagróði á þessu svæði við líkafraðgang
- KVÖÐ UM MÓN
- NÚVERANDI GRAS/TRIAGRÓÐUR
- ÁNINGARSTAÐUR  
bekkir og vatnsfontur
- NÚVERANDI GÖNGUSTÍGUR/BÍLASTÆÐI  
fjarlægt
- NÚVERANDI MÁLSK. D.M.T.  
BREIÐHOLTSBRAUT

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við

ákvæði 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í *Utkasti* þann *1. feb. 2017* og í *Borgarráði* þann *9. feb. 2017*.

Tillagan var auglöst frá *7. des. 2016* með athugasemdafrest til *23. jan. 2017*.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-delið Stjórnartíðinda þann *29. mar. 2017*.

*Björn Atlmann*

Greinargerð og texta breytt 30. janúar 2017



Skýringamynd af göngubrú yfir Breiðholtsbraut - Horft til norðurs



Skýringamynd af göngubrú yfir Breiðholtsbraut - Horft til suðurs

NO.	DAÐS.	BREYTING	TEKNI.
 <p>OPÍÐ SVÆÐI Á MILLI SELJAHVERFIS OG EFRA BREIÐHOLTS        TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI        GÖNGUBRÚ YFIR BREIÐHOLTSBRAUT</p> <p>DEILISKIPULAG</p> <p>SKIPULAGS ÖÖÐ, LÍÖ        TERNMÁL LÍÖ        SAMRÆMI ÖÖÐ        ÍT.</p> <p>KVÆÐI 1. LÍÖ        KÖPFÁGÖGUR        TERNM. NÚ.</p> <p>ÓG. 27.06.2016        01</p>			